



**76. fundur Umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlapings  
haldinn í fjarfundi, mánudaginn 13. febrúar 2023  
og hófst hann kl. 08:30**

**Fundinn sátu:**

Jónína Brynjólfsdóttir formaður, Þórhallur Borgarson varaformaður, Sýlvía Ösp Jónsdóttir varamaður, Ásdís Hafrún Benediktsdóttir aðalmaður, Eiður Gísli Guðmundsson aðalmaður, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir aðalmaður, Þórunn Hrund Óladóttir varamaður, Hannes Karl Hilmarsson áheyrnarfulltrúi, Huguína Hjálmarsdóttir framkvæmda- og umhverfismálastjóri, Sóley Valdimarsdóttir ritari og Sigurður Jónsson skipulagsfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Sóley Valdimarsdóttir, ritari á umhverfis- og framkvæmdarsviði

**Dagskrá:**

**1. 202210075 - Útboð Aðalskipulag Múlapings**

Almennir útboðsskilmálar og verklýsing fyrirhugaðs útboðs vegna vinnu við gerð Aðalskipulags Múlapings lögð fram til samþykktar.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirbyggjandi drög að útboðsskilmálum og verklýsingu og felur framkvæmda- og umhverfismálastjóra að láta bjóða verkið út.

Samþykkt samhljóða.

**2. 202210141 - Húsnæðisáætlun Múlapings, endurskoðun fyrir 2023**

Tíu ára húsnæðisáætlun Múlapings 2023 lögð fram til samþykktar.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirbyggjandi drög að endurskoðaðri húsnæðisáætlun Múlapings til næstu 10 ára og felur framkvæmda- og umhverfismálastjóra að sjá til þess að gagnagrunnur verði uppfærður og að áætlunin verði birt á viðeigandi hátt.

Samþykkt samhljóða.

**3. 202211078 - Byggingarnefnd menningarhúss, Safnahús á Egilsstöðum**

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggja drög að erindisbréfi byggingarnefndar menningarhúss á Egilsstöðum.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að fela framkvæmda- og umhverfismálastjóra að gera breytingar á erindisbréfi í samræmi við umræður á



fundinum og leggja fyrir ráðið að nýju.

Samþykkt samhljóða.

**4. 202302048 - Erindi til sveitarstjórnar vegna ágangs búfjár - minnisblað sambandsins**

Lagt er fram til kynningar minnisblað, dagsett 3. febrúar 2023, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um ágang búfjár á eignarlönd.

Lagt fram til kynningar.

**5. 202301224 - Ársskýrsla fiskeldissjóðs 2021**

Ársskýrsla Fiskeldissjóðs vegna ársins 2021 lögð fram til kynningar.

**6. 202111135 - Aðalskipulagsbreyting, Djúpivogur, vegtenging, íbúða- og atvinnusvæði og veitur**

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020. Breytingin er sett fram í greinargerð og á uppdrætti og tekur til 6 atriða: Stækkun á athafnasvæði við Innri-Gleðivík, stækkun á hafnarsvæði við Voginn, ný fráveitumannvirki, stækkun á íbúðarsvæði við Fögruhlíðakletta og Hammersminni, ný sjólögn við Innri-Gleðivík, ný gönguleið frá Löngubúð að Innri-Gleðivík og ferðamannabryggja við Hótel Framtíð. Fyrir ráðinu liggur að taka afstöðu til auglýsingar tillögunnar. Skipulagsfulltrúi situr fundinn undir þessum lið.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirliggjandi skipulagstillögu og leggur til við sveitarstjórn að hún verði auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða.

**7. 202111169 - Deiliskipulag, Jökuldalur, Klaustursel**

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur tillaga að deiliskipulagi fyrir Stuðlagil í landi Klaustursels á Jökuldal. Tillagan er sett fram á skipulagsuppdrætti og greinargerð ásamt skýringarmyndum, dagsett 7. febrúar 2023. Skipulagsfulltrúi situr fundinn undir þessum lið.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirliggjandi skipulagstillögu og leggur til við heimastjórn Fljótsdalshéraðs að hún verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða.

**8. 202212110 - Deiliskipulagsbreyting, Miðvangur 8**



Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur uppfærð tillaga frá síðasta fundi ráðsins að breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Egilsstaða, sett fram á skipulagsupprætti og greinargerð dagsett 2. febrúar 2023. Skipulagsfulltrúi situr fundinn undir þessum lið.

Aðilar úr stjórn Sigurgarðs ehf. tengjast inn á fundinn og kynna stöðu verkefnisins. Jafnframt fylgja þeir eftir erindi sínu varðandi kostnað við deiliskipulagsbreytinguna og jarðvegisdýpt á lóðinni við Miðvang 8, sem tekið var fyrir á fundi sveitarstjórnar 8. febrúar sl. og vísað var til umhverfis- og framkvæmdaráðs til afgreiðslu.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirbyggjandi skipulagstillögu og leggur til við heimastjórn Fljótsdalshéraðs að hún verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umhverfis- og framkvæmdaráð felur framkvæmda- og umhverfismálastjóra að taka saman gjöld sem sveitarfélagið innheimtir í tengslum við verkefnið vegna skipulags- og byggingarþátta og leggja fyrir ráðið.

Samþykkt samhljóða.

#### **Gestir**

Eypór Elíasson - 10:00

Sveinn Jónsson - 10:00

Sigurjón Bjarnason - 10:00

#### **9. 202211275 - Innsent erindi til umhverfis- og framkvæmdaráðs frá MVA**

Forsvaraðilar byggingafyrirtækisins MVA ehf. tengjast inn á fund umhverfis- og framkvæmdaráðs til þess að ræða verkferla sveitarfélagsins við lóðaúthlutanir.

Málið er í vinnslu.

#### **Gestir**

Magnús Baldur Kristjánsson - 09:30

Stefán Vignisson - 09:30

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:15**

